

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 62/2016

2017/EES/66/22

frá 18. mars 2016

um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2406 frá 18. desember 2015 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS-staðal 1 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2441 frá 18. desember 2015 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS-staðal 27 ⁽²⁾.
- 3) XXII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 10ba (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008) í XXII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32015 R 2406**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/2406 frá 18. desember 2015 (Stjútíð. ESB L 333, 25.7.2015, bls. 97),

– **32015 R 2441**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/2441 frá 18. desember 2015 (Stjútíð. ESB L 336, 25.7.2015, bls. 49).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2015/2406 og (ESB) 2015/2441, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 19. mars 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 18. mars 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 333, 19.12.2015, bls. 97.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 336, 23.12.2015, bls. 49.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.